

Stjórnarfundur GOS í golfskálanum 7. september 2023 kl. 19:00

Mætt: Páll, Magnús, Bjarki, Helena, Ásta, Leifur, Hreinn og Hlynur Geir.

Páll formaður býður fólk velkomið á stjórnarfund, setur fund og gengur síðan til **dagskrár**:

1. Reksturinn

Gríðalega góða staða. Veltan í sjóðsstreymi hefur aldrei verið meiri. Félagatal 676 einstaklingar. Alls 99 nýliðar skráðir í ár. Kostnaður í viðhaldi véla hefur verið mjög hár.

2. Nýframkvæmdir og völlum

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu framkvæmda og ástand vallarins. Farið yfir málin og þau krufin til mergjar.

3. Dagskráin framundan

Firmakeppni 16. sept

Bændaglíma 23. sept

Lokahóf 3. nóv

- Nýjar hugmyndir að lokahófi reifaðar
- Páll og Hlynur sjá um fyrstu skref undirbúnings

4. Bréf frá aganefnd

Borist hefur bréf frá aganefnd GOS. PS les bréfið fyrir fundinn og efni þess rætt.

Reglugerð fyrir aganefnd rædd og nauðsynlegar úrbætur á henni. Bjarka Má falið að leiða endurskoðun á henni. Aganefndarmönnum eru þökkuð góð og fagleg störf.

5. Golfþing 2023

Þing GSÍ 2023 verður haldið í Reykjavík dagana 10.-11. nóvember. Fundurinn skipar menn á þingið.

6. Aðalfundur - dagsetning

Stefnt er að halda aðalfund GOS þann 6. desember nk.

7. Önnur mál

ELDGOS leggur fram fyrirspurn um styrk til ferðalaga. Stjórn telur sér ekki fært, með vísan til jafnræðissjónarmiða, að verða við beiðninni. Um leið þakkar stjórn fyrir framúrskarandi öflugt starf ELDGOSs og bendir á að leita annarra leiða til fjáröflunar.

Ásta lagði til að settar yrðu upp varnargrindur við kvennateigana, eins og eru á vellinum í Öndverðanesi. Vel var tekið í þessa hugmynd.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 19. okt. kl. 19:00

Fundi slitið kl. 21:43

Hreinn Þ. ritaði fundargerð þessa.